



Könnunarskurður í garðlag við Halldórsstaði, Laxárdal



Indriði Skarphéðinsson

2024

Forsíðumynd: Suður-snið könnunarskurðarins. Mynd tekin til suðurs.



© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Unnið fyrir RARIK

Nóvember 2024

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	1
Grunnupplýsingar rannsóknarinnar	2
Inngangur	3
Markmið.....	3
Halldórsstaðir	3
Fornleifarannsóknin	4
Sniðið	7
Forn garðlög í Þingeyjarsýslum	8
Niðurstöður	8
Heimildaskrá:.....	9
Viðauki I. Teikning og upprétt mynd af suður-sniði könnunarskurðar	10

Myndaskrá

Mynd 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu merk inn með rauðum punkt.	2
Mynd 2. Könnunarskurðirnir tveir. Nær er sá fyrri sem hætt var við að grafa vegna mikillar bleytu, fjær er könnunarskurðurinn sem var teiknaður. Mynd tekin til norðurs.....	4
Mynd 3. Fyrir miðri mynd er upphækkunin sem seinni könnunarskurðurinn var grafinn í, mynd tekin til norðurs.....	5
Mynd 4. Garðlag [3191-03] mælt af Hermann J. Hjartarsyni júní 2024 og staðsetning könnunarskurðarins.....	6
Mynd 5. Könnunarskurðurinn, sjá má suður og austur snið hans, mynd tekin til austurs	6
Mynd 6. Tölvuteikning af suður-sniði könnunarskurðarins.	7

Grunnupplýsingar rannsóknarinnar

Rannsóknarnúmer: 202405-0043.

Safnnúmer Þjóðminjasafns: 2024-28.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Kanna aldur og gerð garðlags [3197-03], og hvort eldri minjar leynist undir.

Tegund rannsóknar: Könnunarskurður vegna lagningar háspennulínu í Laxárdal, Þingeyjarsveit


Staðsetning: Halldórsstaðir, Laxárdal, Þingeyjarsveit.

GPS hnit: ISN93: A 578801.6, N 58440.0.

Rannsóknartími: 23.10.2024

Leyfishafi: Indriði Skarphéðinsson f.h. Sagnabrunns ehf.

Fjöldi starfsmanna: Fjórir fornleifafræðingur



Mynd 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu merk inn með rauðum punkt.

Inngangur

Í samræmi við umsögn minjavarðar Norðurlands eystra (MÍ202404-0084/06.10/S.G.) var sótt um leyfi til fornleifarannsókna, þ.e.a.s. framkvæmdarrannsókn þar sem grafin er könnunarskurður í garðlag [3197-03] nokkru ofan við Halldórsstaði í Laxárdal, Þingeyjarsveit. Rannsóknarleyfið fékk númerið 202505-0043 hjá Minjastofnun Íslands og safnnúmerið 2024-28 hjá Þjóðminjasafni Íslands. Farið var á vettvang þann 23. október sl. og könnunarskurður handgrafinn. Tilraun hafði áður verið gerð að grafa könnunarskurð í minjarnar í vor. Þann 21. júní síðastliðinn fór Hermann Jakob Hjartarson á vettvang en vegna frosts í jörðu og mikillar bleytu reyndist ómögulegt á að grafa könnunarskurð í minjarnar þá (Hermann Jakob Hjartarson, 2024). Ásamt Hermanninu voru þrír aðrir fornleifafræðingar sem komu að verkinu: Indriði Skarphéðinsson við vettvangsvinnu og Rannveig Þórhallsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir voru til ráðgjafar við rannsóknina.

Minjarnar voru skráðar af Hákonu Jenssyni árið 2024 í fornleifaskráningu vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Laxárvirkjun inn í Laxárdal og til Lauga í Þingeyjarsveit (Hákon Jensson, 2024). Skýr merki um minjarnar sást ekki á vettvangi en voru þær skráðar eftir loftmynd, hafði Árni Einarsson áður kortlagt minjarnar í bók sinni *Tíminn sefur*, *Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi* (Árni Einarsson, 2019). Garðlagið er fyrst sýnilegt í hlíðinni um 240 m vestan við húsið á lóðinni Nýhús í landi Halldórsstaða og liggur norðvestur-suðaustur (Hákon Jensson, 2024).

Markmið

Garðlaginu stafar hættu af framkvæmdum vegna lagningar strengs sem kemur til með að liggja þvert í gegnum minjarnar. Markmið rannsóknarinnar var að aldursgreina minjarnar og meta eðli og umfang þeirra.

Halldórsstaðir

Halldórsstaðir er sögð mest og fríðust jarða í Laxárdal og er útsýni hvergi fegurra í dalnum (Jón Sigurðsson, 1954:280). Segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að bænhus hafi verið við Halldórsstaði til forna, er jörðin metin 26 hundruð að dýrleika hjá bæði Johnsen og Árna Magnússyni (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1943:203-204), (J. Johnsen,

1847:325). Skráðar hafa verið fornleifar á hluta Halldórsstaðalands í tvígang vegna lagningu jarðstrengs (Hákon Jensson, 2024; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2015). Eins hafa farið fram yfirborðsrannsóknir á meintum kumlateig staðsettum um 250 m ofan við núverandi bæjarstæði Halldórsstaða, um 300 m sunnan við garðlag [3197-03] sem grafið var í nú (Gísli Pálsson & Adolf Friðriksson, 2015).

Fornleifarannsóknin




Mynd 2. Könnunarskurðirnir tveir. Nær er sá fyrri sem hætt var við að grafa vegna mikillar bleytu, fjær er könnunarskurðurinn sem var teiknaður. Mynd tekin til norðurs.

Þar sem strengurinn kemur til með að þvera garðlagið rennur lítill lækur með sömu stefnu og garðlagið og eftir því endilöngu. Mikil mýri er næst læknum og mikil bleyta í jarðveginum. Tilraun var gerð til þess að grafa könnunarskurðinn á þeim stað sem strengurinn þverar garðlagið en þar sáust engin ummerki minjanna á yfirborði. Fljótlega kom í ljós að vegna bleytu var ómögulegt að grafa könnunarskurðinn þar. Nokkrum metrum ofar var upphækkun þétt ofan við lækinn og var ákvörðun tekin um að taka könnunarskurðinn í þá upphækkun. Hvergi sáust skýr ummerki um minjarnar á svæðinu utan við upphækkunina sem könnunarskurðurinn var grafin í.

Grafinn var 2 m langur, 1 m breiður og um 0,7 m djúpur könnunarskurður í upphækkunina. Ekki reyndist mögulegt að grafa lengri könnunarskurð vegna þeirrar hættu að hann fylltist af vatni, sökum lækjarins neðan við og mikillar bleytu ofan við. Dugði könnunarskurður þó til þess að grafa niður að forsögulegri gjósku og fá þversnið af minjunum.



Mynd 3. Fyrir miðri mynd er upphækkunin sem seinni könnunarskurðurinn var grafinn í, mynd tekin til norðurs.



Mynd 4. Garðlag [3191-03] mælt af Hermann J. Hjartarsyni júní 2024 og staðsetning könnunarskurðarins.


Snið könnunarskurðarins voru hreinsuð eftir bestu getu en vatnsósa jarðvegurinn olli því að vatn seytleði víða í sniðunum. Þessi bleyta og gerð jarðvegarins, sem flokka mætti sem torf eða mó, varð þess valdandi að gjósku- og jarðlög voru illgreinanleg í sniðinu. Eins þurfti að hafa hraðar hendur þar sem könnunarskurðurinn fylltist hægt og rólega af vatni.

Eftir að sniðin höfðu verið hreinsuð voru teknar myndir til gerðar á þrívíddarmódeli og uppréttri mynd af suður sniði könnunarskurðarins. Samhliða því voru greinanleg jarðlög teiknuð upp. Að þessu loknu var mokað ofan í báða skurðina aftur og reynt að ganga frá svæðinu þannig að lítil ummerki sæjust vegna jarðraskins.



Mynd 5. Könnunarskurðurinn, sjá má suður og austur snið hans, mynd tekin til austurs.

Sniðið



Mynd 6. Tölvuteikning af suður-sniði könnunarskurðarins.

Í sniðinu voru aðeins greinanleg tvö gjóskulög, þykkt gulhvítt leirkennt lag og grásvart fínt sendið lag. Er nokkuð öruggt að um gulhvíta lagið sé forsöguleg heklu gjóska H3 og fína grásvarta lagið sé úr gosi í Veiðivötnum frá 1477. Eru þessi gjóskulög vel þekkt í Þingeyjarsveit og talin leiðarlög þar, lagið H3 er talið um 2900 ára gamalt (Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson, 1998; Árni Einarsson, 2019).

Austan megin við miðju mátti greina leifar torfs í sniðinu. Umfang torfveggjarins var illgreinanlegt og rann hann saman við jarðveginn í kring. Eina sem gaf það greinilega til kynna að um torfvegg væri að ræða var nokkuð stór slika af H3 gjóskulaginu um 20-30 cm yfir H3 in-situ. Að öðru leyti voru skil torfveggjarins við mýrarjarðveginn í kring mjög ógreinileg. Þetta má líklega útskýra með því að efni til hleðslu torfveggjarins hefur verið tekið í mýrinni þarna næst og garðlagið því hlaðið úr mýrartorfi og mó. Sökum fæðar greinanlegra gjóskulaga reyndist ekki unnt að aldursgreina minjarnar nákvæmara en til tímabilsins á milli landnáms og ársins 1477.

Eins og fyrr segir þá voru lítil sem engin ummerki um garðlagið á vettvangi, hefur vafalaust veður og vatn lengi unnið á minjunum. Það sem eftir stendur eru verulega raskaðar leifar

garðlagsins. Lækur rennur meðfram garðlaginu á löngum kafla og ekki er útilokað að um þælu sé að ræða þar sem efni í garðinn hefur verið stungið upp, vatn síðan leitað í rásina og runnið eftir henni. Lækurinn er mjór en töluvert djúpur og náði skýrsluhöfundi vel upp fyrir stígvél þegar hann slysaðist ofan í hann.

Forn garðlög í Þingeyjarsýslum

Töluverðar rannsóknir á fornum garðlögum í Þingeyjarsýslum og Svarfaðardal hafa farið fram og í heildina hefur verið grafið í rúma sextíu garða. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós að garðlögin eru í langflestum tilfellum reist á bilinu 940-960 (Árni Einarsson, 2019:66). Er ekki ósennilegt að garðlagið sem grafið var í nú sé frá þeim tíma. Þökk sé fjölda rannsókna á fornu garðlögum er innri gerð þeirra nokkuð vel þekkt. Voru garðarnir almennt hlaðnir með því að stafla torfhnausum í tvær raðir með svolitlu millibili og fyllt á milli með torfsneplum og mold. Einnig þekkjast einhlaðnir garðar og tvíhlaðnir garðar án fyllingar. Víða við garðlögin sjást svokallaðir þælar, rásir öðru hvoru, eða beggja megin garðana, þar sem efni hefur verið tekið við hleðslu þeirra (Árni Einarsson, 2019:69).

Af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á fornum garðlögum á svæðinu hafa nánast allir garðarnir sem grafið hefur verið í verið staðsettir á þurrlendi, og lítið vitað um innri gerð mýrlendisgarða (Árni Einarsson, 2019:68). Árið 2007 gróf Bjarni F. Einarsson hjá Fornleifafræðistofunni í garðlag á Fljótsheiði í Reykdælahreppi í mýrlendi. Leiddi sú rannsókn í ljós að í hleðslu garðlagsins hafi verið notaður mór. Bjarni rak sig á sama vandamál sem háði rannsækenda nú. Mikill vatnsagi olli erfiðleikum við túlkun og aldursgreiningu minjanna en engin gjóskulög fundust utan við H3 undir minjunum (Bjarni F. Einarsson, 2008:14-15).

Niðurstöður

Gröftur könnunarskurðarins leiddi í ljós að um fornt garðlag var um að ræða. Voru minjarnar aldursgreindar á tímabilið milli landnáms og fall gjóskulagsins 1477. Ef lítið er til þeirra fjölda rannsókna sem gerðar hafa verið á fornum garðlögum á svæðinu má leiða líkur að því að garðlagið sé reist töluvert fyrir 1477, líklega stuttu fyrir 1000. Minjarnar eru nokkuð athyglisverðar fyrir þær sakir að garðlagið liggur um mýrlendi en takmarkaðar rannsóknir

hafa farið fram mýrlendisgarðlögum. Það er þó gild ástæða fyrir því en bleytan gerir gröft erfiðan og flækir túlkun. Vegna lélegrar varðveislu minjanna er lítið hægt að segja um innri gerð garðlagsins en talið að í mýrlendisgarðlög hafi verið lagður strengur (Árni Einarsson, 2019:68). Verður ekki hægt að staðfesta það út frá þessari rannsókn en virðist sem svo að í garðlagið hafi verið notað mór og/eða mýrartorf úr næsta nágrenni.

Heimildaskrá:

Árni Einarsson. (2019). *Tíminn sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi*. Mál og Menning. Reykjavík.

Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson. (1998). *Mývatn, saga lífríkis og gjóskutímatal í Syðriflóa*. Fjölrit nr 17. Náttúruverndarráð Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). *Jarðabók – Þingeyjarsýslu*. 11. Bindi. Hið Íslenska Fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

Bjarni F. Einarsson. (2008). *Garðar, Fornleifar nr. 1 í Aðaldælahreppi og nr.3 í Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. Skýrsla um fornleifarannsóknir sumarið 2007*. Fornleifafræðistofan.

Gísli Pálsson & Adolf Friðriksson. (2015). *Archaeological investigation at a prospective burial field at Halldórsstaðir, Laxárdalur*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS574-15212.

Hákon Jensson. (2024). *Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Laxárvirkjun inn í Laxárdal og til Lauga í Þingeyjarsveit*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Akureyri.


Hermann Jakob Hjartarson. (2024). *Könnunarskurður Halldórsstaðir*. Minnisblað, Reykjavík 27. Júní 2024.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S, Trier. Kaupmannahöfn.

Jón Sigurðsson. (1954). *Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður Þingeyjarsýsla*. Ritsafn Þingeyinga II. Sögufnd Þingeyinga. Helgafell. Reykjavík.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2015). *Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun og mannvirkja í Bárðardal*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS582-15121.

Viðauki I. Teikning og upprétt mynd af suður-sniði könnunarskurðar



A

V

2 m

0,9 m

